

# Stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi 2022-2026

## Nýr kraftur á traustum grunni

Við Sjálfstæðismenn erum stoltir af því samfélagi sem mótask hefur á Nesinu undir okkar forystu. Á þeim trausta grunni viljum við byggja og gera enn betur. Seltjarnarnesið á hér eftir sem hingað til að vera eftirsóknarvert til búsetu.

# Ábyrgð – Samskipti – Lífsgæði

## Áhersluatriði á kjörtímabilinu:

- **Lágir skattar og ábyrg fjármálastjórn.** Hagkvæmni, skilvirkni og gagnsæi í rekstri eru metnaðarmál okkar. Útsvarsprósenta lækki aftur í 13,7% árið 2023 og fasteignaskattar verði ekki hækkaðir umfram almennt verðlag á kjörtímabilinu.
- **Framúrskarandi leik- og grunnskólar.** Góður árangur og góð líðan nemenda og starfsfólks eru í fyrirrúmi. Skólarnir verði áfram í fremstu röð og þróist í takt við tímann.
- **Bygging nýs leikskóla.** Forgangsmál okkar er að bæta aðstöðu og aðbúnað barna og starfsmanna. Gott samráð verði haft við stjórnendur leikskólans um hönnun og byggingu þannig að skólinn standist ýtrustu kröfur um gæði.
- **Fallegt og snyrtilegt umhverfi.** Markvisst verði unnið að því að fegra bæinn af metnaði og virðingu fyrir umhverfinu.
- **Viðhaldsáætlun fyrir götur og mannvirki.** Hugað verði að viðhaldi og endurnýjun bygginga, gatna, gangstétta og götulýsingar. Lykillinn að vel reknum og fallegum bæ er góð yfirsýn yfir ástand eigna, mat á viðhaldspörf, áætlun um kostnað og forgangsroðun verkefna.
- **Varðveitum náttúruna.** Seltjarnarnesið er náttúruperla og nálægðin við náttúruna, hafið og fuglalífið er einstök. Standa skal vörð um náttúruna og tryggt að íbúar geti notið hennar í sátt við umhverfið og fjölbreytt fuglalíf.
- **Fjölskylduvænt samfélag.** Áhersla verði á skemmtileg, fjölbreytt og aðlaðandi leiksvæði sem hvetja börn og fjölskyldur til hreyfingar og útivistar.

- **Heimgreiðslur til foreldra.** Frá lokum fæðingarorlofs þar til barn hefur leikskólavist eða þegar barn nær 18 mánaða aldri geti foreldrar sótt um heimgreiðslur til að brúa bilið.
- **Öflugt íþrótt- og tómstundastarf.** Stuðningur bæjarins verði nýttur í takt við kröfur íbúa. Fjölbreytni verði í fyrirrúmi svo allir fái tækifæri til að blómstra á sínu áhugasviði.
- **Tómstundastyrkur hækkaður.** Bærinn hefur stutt vel við íþrótt- og tómstundaiðkun barna og unglinga. Styrkurinn verði 75.000 kr. árlega frá og með árinu 2023 og veittur börnum frá 5 ára aldri.
- **Heilsueflandi samfélag.** Seltjarnarnesbær verði áfram heilsueflandi samfélag þar sem hugað er að heilsu og vellíðan í allri stefnumótun. Bæta þarf almenna aðstöðu til hreyfingar og fjölbreytni í heilsueflingu víða um bæinn.
- **Farsæl öldrun.** Það á að vera gott að eldast á Seltjarnarnesi. Tryggja þarf að þjónusta við eldri bæjarbúa sé traust og áfram til fyrirmyndar og í samræmi við óskir þjónustuþega.
- **Ábyrgð í loftslagsmálum.** Bærinn hafi gott yfirlit yfir kolefnisspor sitt og móti markvissa stefnu um minni losun. Íbúum verði auðvelduð endurvinnsla sorps.
- **Móttaka ferðamanna.** Mörkuð verði stefna um skipulag og þjónustu við vaxandi fjölda ferðamanna og um leið við íbúa bæjarins til að njóta útivistar og menningar, svo sem á svæðum við Suðurnes, Snoppu og Gróttu.
- **Líflegur miðbæjarkjarni við Eiðistorg.** Stutt verði við framþróun Eiðistorgs sem þjónustukjarna fyrir Seltirninga með iðandi mannlífi og lifandi menningu.
- **Góð samskipti og gagnsæi í ákvarðanatöku.** Samráð við íbúa verði bætt og upplýsingagjöf augin til muna. Haldnir verði opnir fundir með íbúum og starfsmönnum stærri vinnustaða bæjarins.
- **Innleiðing stafrænnar þróunar.** Tæknin verði nýtt í meira mæli, bæði til sparnaðar en ekki síður til bættrar þjónustu og samskipta við bæjarbúa.

Leiðarljósinn okkar þrjú:

## Ábyrgð – Samskipti – Lífsgæði

### ■ **Ábyrgð og festa í rekstri** – það er Nesið!

Traustur rekstur er lykilforsenda þess að hægt sé að veita íbúum úrvalsþjónustu. Ábyrgð og aðhald í rekstri og fjármálastjórn bæjarins hefur gert það að verkum að fjárhagsstaða Seltjarnarnesbæjar er afar sterk. Nettó skuldir eru lágar á sama tíma og álögur á íbúa eru lágar. Ávallt verði leitað leiða til að bæta rekstur bæjarins og auka skilvirkni í rekstri sem skapar svigrúm til að lækka álögur á bæjarbúa enn frekar.

### ■ **Jákvæð og góð samskipti** – það er Nesið!

Með jákvæðni og þjónustulund að leiðarljósi munum við eiga samtalið við bæjarbúa og starfsmenn bæjarins um hvað megi betur fara. Við leggjum ríka áherslu á málefnaleg og jákvæð samskipti. Unnið verði að því að auka ánægju bæjarbúa með aðferðum gæðastjórnunar. Þannig skapast betra og ánægjuríkara samfélag.

## Lífsgæði í fyrirrúmi – það er Nesið!

Lífsgæði bæjarbúa verði í fyrirrúmi sem endranær. Fólki á öllum aldri verði búnaðar aðstæður til þess að lifa góðu lífi á Seltjarnarnesi í fallegu og snyrtilegu umhverfi. Áhersla verði lögð á framúrskarandi skóla, heilsueflandi umhverfi og framsýni í skipulagsmálum í sátt við náttúruna. Áfram verði leitast við að aðlaga skóla að íþrótt- og tómstundastarfi sem stuðlar að auðveldara fjölskyldulífi og fjölgar gæðastundum.



## Helstu málaflokkar:

# 1. Ábyrgur rekstur og traust fjármálastjórn ... það er Nesið!

- Sterk fjárhagsstaða og ábyrgur rekstur er forsenda framfara og framúrskarandi þjónustu.
- Skattar verði ekki hækkaðir og strax árið 2023 verði útsvar bæjarins lækkað aftur í 13,7%.
- Fasteignaskattar verði ekki hækkaðir umfram almennt verðlag á kjörtímabilinu þrátt fyrir hækkun fasteignamats.
- Nettó skuldir Seltjarnarnesbæjar eru með því lægsta sem þekkt og markvisst verði unnið áfram að því að halda skuldahlutfalli bæjarins lágu og sýna ráðdeild við meðferð fjármuna.
- Árlega verði gerð fjármálaáætlun til fimm ára. Áhersla verði lögð á markvissa fjármálastjórn, eftirlit með framkvæmd, mánaðarleg stöðuyfirlit og bókhald bæjarins opnað.
- Áhersla verði lögð á góða afkomu og hóflegan rekstrarafgang. Sett verði skýr markmið um árlegan rekstrarafgang sem hlutfall af tekjum og veltufé frá rekstri.
- Styrkja þarfa rekstur og umgjörð hitaveitunnar og byggja hana upp sem enn öflugra fyrirtæki. Hitaveitan á Seltjarnarnesi er verðmæt stofnun og bæjarbúum mikilvæg.

## Bjartir tímar framundan – það er Nesið

- Á síðustu misserum hefur Seltjarnarnesbær glímt við margs konar krefjandi verkefni, bæði í rekstri og fjárfestingum. Vel hefur tekist að stýra sveitarfélaginu í gegnum þessar áskoranir.
- Seltjarnarnesbær er í öfundsverðri stöðu þegar kemur að skuldaviðmiði, ekki síst þegar búið er að taka tillit til samninga bæjarins við ríkið og Reykjavíkurborg. Skuldbindingar þessara aðila við bæinn nema samtals yfir 1.600 milljónum, en það er um helmingur af langtímaskuldum bæjarins.
- Framundan er uppbyggingarskeið þar sem ný byggð mun brátt rísa við Bygggarða. Gert er ráð fyrir fjölgun íbúa og auknum skatttekjum. Samhliða því að COVID-19 faraldurinn er í rénun gefur minnkandi atvinnuleysi auk væntinga um sterkan hagvöxt á komandi árum tilefni til bjartsýni um tekjuþróun bæjarins.

## 2. Skólar í fremstu röð ... það er Nesið!

- Áhersla verði lögð á að allar menntastofnanir bæjarins séu í fremstu röð, með góðum aðbúnaði, vel menntuðu fagfólki og öflugum tækjakosti, þannig að nemendum og starfsfólki líði vel.
- Til að tryggja að grunn- og leikskólar bæjarins séu eftirsóknarverðir vinnustaðir verði stofnaður sérstakur þróunarsjóður leik- og grunnskóla með það að markmiði að stuðla að framþróun innra starfs skólanna á Seltjarnarnesi.
- Samfella í skóla- og æskulýðsstarfi er mikilvæg og tryggja þarf hana með góðu samráði leikskólans, grunnskólans, tónlistarskólans, Gróttu, Selsins og kirkjunnar.
- Forvarnir og æskulýðsstarf er mikilvægur hornsteinn í samfélagi Seltirninga. Stuðlað verði að heilbrigðum lífsháttum, lífsviðhorfum og sterkri sjálfsmynd barna svo þau geti tekið afstöðu með heilbrigðum lífsstíl. Forvarnarstefna bæjarins verði yfirfarin reglulega með hagsmunaaðilum.
- Sköpuð verði tækifæri fyrir ungmenni til að blómstra á eigin forsendum strax frá unga aldri þar sem gagnreyndar aðferðir eru notaðar í sérkennslu og stuðningi við börn.
- Börnum verði tryggt aðgengi að hollum og næringarríkum mat sem uppfyllir ráðleggingar Embættis landlæknis. Hugað verði að hagkvæmni, gæðum og ánægju nemenda í þessum málum.

### Leikskólinn

- Ný leikskólabygging á Ráðhúsreit er forgangsverkefni. Þar verði skapaðar aðstæður til þess að auka enn frekar hlutfall fagmenntaðra starfsmanna í leikskólastarfi. Innra starf leikskólans byggist á öflugum starfsfólki og starfsánægja þess er mjög mikilvæg.
- Fyrirsjáanleiki verði í inntöku barna í leikskóla og starfsstöðvum fækkað samhliða byggingu nýrrar leikskólabyggingar. Með betri aðstöðu skapast raunhæfur möguleiki til þess að tryggja leikskólapláss fyrir börn að loknu fæðingarorlofi.
- Foreldrar geti sótt um heimgreiðslu frá lokum fæðingarorlofs til þess að brúa bilið þar til barn hefur leikskólavist eða fær inni hjá dagforeldri.

## Grunnskólinn

- Grunnskóli Seltjarnarness hefur yfirleitt komið vel út úr samræmdum könnunum um líðan nemenda og námsárangur, en lengi má gott bæta.
- Styðja þarf við framþróun og umbætur á innra starfi skólans. Markmiðið er skýrt; nemendur hafi trú á eigin getu, geti nýtt styrkleika sína og séu tilbúnir til að takast á við verkefni framtíðarinnar, hvort sem það er í bóknámi eða verklegu námi.



## Fyrirmyndaraðstaða leikskóla – það er Nesið

- Bætt aðstaða og aðbúnaður leikskólabarna og starfsmanna leikskólans verði forgangsmál. Brýnt er að hönnun og bygging nýrrar leikskólabyggingar sem stenst ýtrustu kröfur nútímans hefjist strax og sé unnin í fullu samráði við fagfólk og stjórnendur leikskólans.
- Allt kapp verður lagt á opnun nýrrar byggingar eins fljótt og auðið er. Ný leikskóla-bygging þjóni allt að 150 börnum. Þá verði starfsaðstaða til fyrirmyndar. Leiðarstefið verði hagkvæmni á grundvelli gæða en mikilvægt er að bæjarsjóður ráði við verkefnið og ljúki því.
- Samtímis verði ráðist í endurbætur á bæði Mánabrekku og Sólbrekku. Skipulag þeirra verði yfirfarið og aðbúnaður bættur.



### 3. Öflugt íþróttá- og tómstundastarf ... það er Nesið!

- Öflugt íþróttá- og tómstundastarf verði í boði fyrir alla aldurshópa óháð getustigi og lagt upp úr því að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.
- Tómstundastyrkur barna frá fimm ára aldri verði hækkaður í 75.000 kr. frá og með janúar 2023. Stuðningur bæjarins við íþróttá- og tómstundastarf barna og unglinga er mikilvægur liður í forvörnum.
- Samstarf bæjarins við félagasamtök verði eftt og stuðningur bæjarins nýttur í takt við kröfur íbúanna.
- Huga þarf að frekari endurbótum á búnaði og bættri aðstöðu og fjölbreytni til heilsueflingar.
- Markvissum stuðningi bæjarins við heilsueflingu eldri bæjarbúa verði haldið áfram og valkostum fjölgað.
- Mikilvægt er að efla útivistarsvæðin til almennrar útivistar og heilsueflingar um leið og hugað er verndun náttúru og fuglalífs. Huga þarf að fjölgun göngu- og hlaupaleiða, uppbyggingu hjólastíga, bættri aðstöðu fyrir sjósund, gönguskíðabraut, hreyfigarða og stöðvaþjálfun á opnum svæðum í hverfum bæjarins.

#### Farsæld öldrun – það er Nesið

- Lögð er áhersla á að það sé gott að eldast á Seltjarnarnesi og að hér sé traust og góð þjónusta við eldri bæjarbúa. Markmiðið er að fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á fjölbætt félags- og tómstundastarf.
- Efla þarf samtal og samráð við eldri íbúa um þau málefni sem þeim eru hugleikin og koma á fót góðum farvegi fyrir þá til þess að koma með ábendingar um sín málefni. Styðja þarf vel við heilsueflingu eldri bæjarbúa og fjölga valkostum þeirra.
- Leita skal leiða til þess að fjölga valkostum eldri íbúa til búsetu þannig að þeir eigi raunhæft val um að búa heima og njóta þar efri áranna. Efla þarf heimþjónustu og fjölga valkostum íbúa til sækja þjónustu að heiman og draga þannig úr þörf fyrir búsetu á hjúkrunarheimilum.
- Virkja þarf áhuga og kraft eldri íbúa til þátttöku í samfélaginu og skapa umgjörð fyrir þá sem þess óska til þess að sinna bæði sjálfboðaliðastörfum og samfélagsverkefnum fyrir bæjarfélagið. Með því er hvatt til félagslegra samskipta og virkrar þátttöku í uppbyggingu samfélagsins.



## 4. Góð samskipti ... það er Nesið!

- Lögð er áhersla á aukið gagnsæi, samtal og samráð. Hrós, viðurkenning, opinská skoðanaskipti og virk hlustun eru mikilvægir þættir í góðum samskiptum.
- Bæjaryfirvöld og starfsmenn bæjarins vinna að sameiginlegum markmiðum um að veita framúrskarandi þjónustu og kalla eftir áliti bæjarbúa þegar við á.
- Tryggð verði aukin skilvirkni í afgreiðslu fyrirspurna og leyfisveitinga með öflugri starfrænni stjórnýslu og fyrirsjáanleiki aukinn í starfsemi bæjarins. Í gegnum ábendingagátt á heimasíðu bæjarins geti íbúar sent inn ábendingar, stórar sem smáar og fylgst með framgangi þeirra.
- Upplýsingum um þjónustu, viðburði í bænum, stöðu verkefna og fjármál bæjarins verði miðlað til íbúa með tryggum og aðgengilegum hætti og ný heimasíða bæjarins tekin í notkun.
- Settar verði vinnureglur um íbúasamráð sem miða að eflingu lýðræðislegra vinnubragða, m.a. með því að beita rafrænum viðhorfs-, ánægju- og þjónustukönnunum og íbúakosningu um tiltekin verkefni. Með notkun slíkra kannana fæst mikilvæg yfirsýn um áherslur bæjarbúa.
- Bæjarstjóri verði alltaf aðgengilegur íbúum og boðið verði upp á viðtalstíma kjörinna fulltrúa. Íbúafundir verði haldnir um málefni sem varða íbúa miklu og kallað eftir þeirra sjónarmiðum. Þá verði starfsmenn stærri vinnustaða bæjarins, svo sem leik- og grunnskóla, hafðir með í ráðum um ákvarðanir sem varða þeirra starfsstöðvar.

### Fjölbreytt þjónusta og menning – það er Nesið

- Eiðistorg verði eftt sem þjónustukjarni með iðandi mannlífi. Leita skal leiða leiða til þess að kveikja meira líf á torginu og laða að fleiri þjónustufyrirtæki í bæinn. Við trúum því að meira líf á Eiðistorgi hafi góð áhrif á verslun og þjónustu við Austurströnd, þar sem fyrir er blönduð starfsemi.
- Nálægðina við nýsköpunarkjarnann Innovation House á Eiðistorgi má nýta og vinna að nýsköpun í þjónustu við bæjarbúa. Efnt verði til hugmyndasamkeppni um lausnir mikilvægra þátta í þjónustu og samskiptum við bæjarbúa.
- Menning og listir eru mikilvægur þáttur í góðum bæjarbrag. Bæjarhátíðir, listræn sköpun ungs fólks og eldri borgara undir leiðsögn fagfólks, ásamt sýningum og starfsemi Safna- og fræðasetursins í Gróttu eru dæmi um menningu í bænum sem styðja ber við.
- Bókasafnið verði áfram vaggja menningar með áhugaverðri dagskrá og reglulegum listviðburðum.

## 5. Fallegur og snyrtilegur bær ... það er Nesið!

- Seltjarnarnes er fallegur bær í nálægð við einstaka náttúru og fjölbreytt fuglalíf. Ásýnd bæjarins hefur áhrif á okkur öll. Markvisst verði unnið að því að fegra bæinn með reglulegri umhirðu, fallegum gróðri og viðhaldi með umhyggju fyrir umhverfinu. Huga þarf vel að umhirðu á áberandi svæðum, svo sem við sundlaug, íþróttahús, Valhúsahæð, vestursvæðin og við Eiðistorg.
- Viðhaldsáætlun verði gerð fyrir viðhald mannvirkja og viðhald og endurnýjun gatna, gangstétta og götulýsingar. Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum út frá ástandi og kostnaðarmati. Gerð verði skýr áætlun, aðgengileg íbúum, um aðgerðir nokkur ár fram í tímann.
- Leiksvæði bæjarins verði endurnýjuð með fjölbreyttum og aðlaðandi hætti í anda fjölskylduvæns samfélags í samráði við íbúa í nærumhverfi.
- Fjölbreytt byggð rís brátt við Bygggarða, svokölluð Gróttubbyggð. Búast má við að íbúum fjölgi um allt að 480 á næstu árum. Þess verði gætt að allir nauðsynlegir innviðir verði tímanlega til staðar, en ýmsum umbótum er þegar lokið.
- Áhaldahúsi bæjarins verði fundinn heppilegur framtíðarstaður.
- Umferðaröryggi verði áfram í öndvegi. Áhersla verði lögð á tryggar samgöngur til og frá Seltjarnarnesi á öllum tímum. Hugað verði að viðhaldi og viðgangi göngu- og hjólastíga bæjarins með öryggi vegfarenda að leiðarljósi.
- Gætt verði að hagsmunum Seltirninga og spornað gegn þrengingu akstursleiða til og frá bænum og þannig kappkostað að greiða fyrir allri umferð.
- Öll mannvirkjagerð á Seltjarnarnesi taki mið af náttúrufari og umhverfis-sjónarmiðum, þannig varðveitist best náttúruperlan okkar – sjálft Seltjarnanesið.





## Nýtt glæsilegt hverfi rís við Bygggarða – það er Nesið

- Gróttubbyggð er nýtt íbúðahverfi sem rís vestast á Seltjarnarnesi, næst Gróttu. Við hönnun hverfisins var leitast við að tengja byggingarnar og nærumhverfi náttúru svæðisins.
- Í fyrsta áfanga verða byggðar um 130 húsnæðiseiningar, íbúðir jafnt sem einbýlishús, af öllum stærðum og gerðum. Byrjað verður á fimm fjölbýlishúsum með samtals 60 íbúðum og eru framkvæmdir við fyrsta fjölbýlið í þann mund að hefjast.
- Þetta nýja hverfi með blandaðri byggð mun verulega auka við húsnæðisframboð á Seltjarnarnesi og koma til móts við eftirspurn eldri íbúa, sem vilja minnka við sig án þess að þurfa að yfirgefa bæinn sinn, og yngri kaupenda.

## 6. Ábyrgð í umhverfis- og loftslagsmálum ... það er Nesið!

- Seltjarnarnes er mikil náttúruperla og er nálægðin við náttúruna, hafið og fuglalífið einstök. Standa skal áfram vörð um náttúruna og tryggja að íbúar geti notið hennar í kyrrð og næði í sátt við umhverfið.
- Seltjarnarnes verði til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum. Nauðsynlegt er að bærinn hafi gott yfirlit yfir kolefnisspor sitt og því verður mótuð markviss stefna um ábyrga losun.
- Mótuð verði langtímaáætlun um viðhald og uppbyggingu sjóvarna en sveiflur í veðurfari og hækkandi sjávarstaða geta leitt til krefjandi verkefna á þessu sviði fyrir Seltjarnarnes.
- Íbúum verði auðveldað að flokka og endurvinna heimilisúrgang en bærinn mun m.a. taka þátt í samræmdri flokkun á höfuðborgarsvæðinu.
- Hugað verði að kostum og göllum þess að stækka friðlandið í Gróttu með verndun náttúrulífs að leiðarljósi.
- Mörkuð verði skýr stefna um stýringu og þjónustu við vaxandi fjölda ferðamanna til þess að njóta útivistar og menningar, svo sem á svæðum við Suðurnes, Snoppu og Gróttu.
- Með tilkomu glæsilegs Náttúruhúss og veitingaaðstöðu í Ráðagerði mun aðsókn aukast enn frekar og því þarf að huga tímanlega að nauðsynlegri þjónustu og girða fyrir neikvæð áhrif á náttúru og fuglalíf.





## Náttúruhús í túngarðinum – það er Nesið

- Það var mikill sigur fyrir bæjaryfirvöld að ná samningum við ríkið um uppbyggingu Náttúruhúss í þeim húsakynnum sem áður voru ætluð fyrir Lækningaminjasafn.
- Náttúruminjasafn Íslands var stofnað 2007 og er eitt þriggja höfuðsafna landsins, auk Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands. Meginhlutverk safnsins er miðlun þekkingar og fróðleiks um náttúru Íslands með sýningahaldi, útgáfustarfsemi og öðrum hætti.
- Starfsemi Náttúruminjasafnsins á Seltjarnarnesi fellur vel að náttúruvernd og skynsamlegri nýtingu náttúrunnar. Hið nýja safn styrkir vestursvæðin til framtíðar og skapar möguleika á því að nýta fræðasetrið í Gróttu í tengslum við safnið.



## **Stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins** á Seltjarnarnesi 2022-2026

Fylgist með hér: [www.xdseltjarnarnes.is](http://www.xdseltjarnarnes.is) eða [facebook.com/seltjarnarnes](https://facebook.com/seltjarnarnes)